



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Umhverfis- og skipulagssvið
Suðurgata 39 101 Reykjavík
(354) 570 13 00
www.minjastofnun.is
Kennitala: 440113-0280

Skipulagsstofnun
Þórdís Stella Erlingsdóttir
Borgartúni 7 b
105 Reykjavík

Reykjavík 15. júlí 2022
MÍ202207-0068/ 6.07 / K.M.

Efni: Stækkun Sigöldustöðvar um allt að 65 MW.

Minjastofnun Íslands hefur mótttekið tölvupóst Skipulagsstofnunar frá 7. júní s.l. þar sem óskað er eftir umsögn um matsáætlun ofangreindrar framkvæmdar.

Landsvirkjun áformar að stækka Sigöldustöð með því að bæta einni aflvél við þær þrjár sem nú eru í gangi. Afl stöðvarinnar eykst við þetta um allt að 65 MW.

Stækkunin felur fyrst og fremst í sér að mannvirki sem þegar eru til staðar verða betur nýtt. Núverandi inntaksmannvirki miðast við fjórar vélar og er gert ráð fyrir að bæta megi við fjórðu þrýstipípunni í fyrirbyggjandi steiptan stökk sem liggur undir inntaksstífluna. Breikka þarf stöðvarhúsið um 15 metra. Samsvarandi breikkun verður á frárennslisskurði og endar sú breikkun í 160 m fjarlægð frá miðlínu vélar stöðvarhússins.

Í kafla 5 er fjallað um áætlun um umhverfismat. Eins og þar segir voru fornleifar við Sigöldustöð skráðar ári 2021. Fyrir liggur skýrsla Fornleifastofnunar Íslands ses, *Deiliskráning við Hrauneyjar, Sigöldu og Vatnsfell*. Líkt og fram kemur í matsáætlun fundust engar fornleifar í nágrenni Sigöldustöðvar.

Í matsáætlun segir að ekki sé talin ástæða til að fjalla um fornminjar í umhverfismatsskýrslu. Minjastofnun fellst á þá ákvörðun.

Minjastofnun gerir ekki athugasemd við matsáætlun ofangreindrar framkvæmdar. Bent skal á 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar (Nr. 80/2012) sem hljóðar svo: *Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.*

Virðingarfyllt,
f.h. Minjastofnunar Íslands

Kristinn Magnússon
verkefnastjóri

Afrit sent í tölvupósti:

Þórdís Stella Erlingsdóttir (thordis.stella.erlingsdottir@skipulag.is)
Skipulagsstofnun (skipulag@skipulag.is)

Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 eru ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnslustigi og ekki kærnanlegar til æðra stjórnvalds. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðili var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.

Skipulags- og umferðarnefnd Rangárþings ytra Umsögn

Til : Jakob Gunnarsson - SLS
Frá : Haraldur Birgir Haraldsson <birgir@ry.is>
Heiti : Skipulags- og umferðarnefnd Rangárþings ytra Umsögn
Málsnúmer : 202205075
Málsaðili : Landsvirkjun
Skráð dags : 13.07.2022 10:56:22
Höfundur : Haraldur Birgir Haraldsson <birgir@ry.is>
Viðhengi [image002.jpg](#)
[image001.jpg](#)

Góðan dag

Hér er niðurstaða af fundi Skipulags- og umferðarnefndar Rangárþings ytra frá fundi þeirra í morgun, birt með fyrirvara um staðfestingu Byggðaráðs, en fundur þeirra verður næstkomandi mánudag.

2206026 - Sigöldustöð. Mat á umhverfisáhrifum.

Landsvirkjun hefur hafist handa við mat á umhverfisáhrifum vegna stækkunar Sigöldustöðvar. Lögð er fram tillaga að matsáætlun.

Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemdir við fram lagða matsáætlun en áskilur sér rétt til frekari umsagnar á síðari stigum ef þurfa þykir.

Samþykkt

Með kveðju,



RANGÁRÞING YTRA

Haraldur
Birgir
Haraldsson
Skipulags- og
byggingafulltrúi

Sími 4887000
Heimasíða
www.ry.is
Facebook
[/rangarthing-ytra](https://www.facebook.com/rangarthing-ytra)
Suðurlandsvegi 1-
3, 850 Hella

Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b
105 REYKJAVÍK

Reykjavík, 13. júlí 2022
Tilvísun: OS2022060029/10.0
Verknúmer: 1103000

Efni: Tillaga að matsáætlun vegna stækkunar Sigöldustöðvar um allt að 65 MW

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar, dags. 15. júní 2022, þar sem óskað er umsagnar Orkustofnunar um tillögu að matsáætlun vegna áforma Landsvirkjunar um stækkun Sigöldustöðvar um allt að 65 MW með því að bæta við fjórðu vélarsamstæðunni í virkjunina, í samræmi við ákvæði 2. mgr. 21. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana, nr. 111/2021.

Í erindinu er óskað eftir því að Orkustofnun fjalli um hvort stofnunin, út frá sínu starfssviði, hafi athugasemdir við það hvernig framkvæmdaraðili hyggst vinna að umhverfismati framkvæmdarinnar svo sem um skilgreiningu valkosta, gagnaöflun, úrvinnslu gagna, umhverfismat og framsetningu umhverfismatskýrslu. Einnig, ef á skortir, hvaða atriðum hún telji að gera þurfi frekari skil eða höfð verði sérstaklega í huga við umhverfismat framkvæmdarinnar. Þá er óskað eftir því að Orkustofnun geri grein fyrir þeim leyfum sem eru á starfssviði stofnunarinnar og framkvæmdin er háð.

Samkvæmt 4. gr. raforkulaga nr. 65/2003, þarf leyfi Orkustofnunar til að reisa og reka raforkuver. Þá er miðlun vatns háð leyfi stofnunarinnar með vísan til 68. gr. vatnalaga nr. 15/1923. Sömuleiðis er stíflun vatns og veiting þess úr farvegi háð leyfi Orkustofnunar með vísan til 7. gr. laganna. Ef slíkar framkvæmdir eru liður í virkjun fallvatns til raforkuframleiðslu skulu, sbr. 68. gr. vatnalaga, umrædd leyfi talin hluti af virkjunarleyfi samkvæmt raforkulögum og skal þá leita leyfis í samræmi við þau lög.

Núverandi vatnsaflsvirkjun við Sigöldu starfar í samræmi við leyfi iðnaðarráðuneytisins með vísan til þágildandi laga um raforkuver, nr. 60/1981. Frá því að virkjunarleyfið var gefið út hefur lagaumgjörð raforkuframleiðslu breyst umtalsvert, m.a. með setningu raforkulaga árið 2003, auk þess sem framþróun hefur átt sér stað varðandi eðli og efni virkjunarleyfa. Verði af stækkun Sigöldustöðvar mun þurfa nýtt virkjunarleyfi sem tekur til allrar raforkuframleiðslu virkjunarinnar. Framangreind lagaákvæði afmarka stjórnsýslulega aðkomu Orkustofnunar að umræddri framkvæmd og lýtur því eftirfarandi umsögn stofnunarinnar einungis að þeim efnisþáttum fyrirspurnarinnar er varða starfssvið Orkustofnunar.

Í framlagðri matsáætlun er tilgreint að stækkun Sigölduvirkjunar um 65 MW sé í orkunýtingarflokki í tillögu verkefnisstjórnar 4. áfanga rammaáætlunar og jafnframt er vísað til þess að í undirbúningi sé lagasetning sem miði að því að slík stækkun virkjunar verði undanþegin umfjöllun í rammaáætlun. Orkustofnun bendir á að frumvarp þar að lútandi var samþykkt á Alþingi þann 15. júní 2022, sbr. lög nr. 68/2022. Af því leiðir að framkvæmd sú sem hér um ræðir fellur aðeins undir rammaáætlun telji Orkustofnum að stækkunin feli í sér að svæði sem ekki hafi verið raskað af viðkomandi virkjun verði raskað. Ber stofnuninni að leita umsagna Umhverfisstofnunar og Náttúrufræðistofnunar Íslands áður en sú ákvörðun er tekin. Ósk um að Orkustofnun ákvarði hvort stækkun Sigölduvirkjunar falli undir tilgreint ákvæði hefur ekki borist stofnuninni.

Nú nýta sex virkjanir (a.m.k. að hluta til) sama vatnið úr Tungnaá og Þjórsá og ein til viðbótar er í leyfisferli. Í tillögu verkefnisstjórnar rammaáætlunar 4. áfanga er lagt til að stækkunir á þremur þessara virkjana falli í nýtingarflokk. Jafnframt ber að hafa í huga að rennsli Þjórsár og Tungnaár í gegnum þessar virkjanir er stýrt þannig að vatn sem rennur í gegnum (svo stækkaða) Sigölduvirkjun á einnig að nýtast í Hrauneyjum, Búðarhálsi, Sultartanga og Búrfelli (og hugsanlega Hvammsvirkjun). Ekki er ljóst

hvort hægt sé og þá hvernig sé áformað að nýta aukið rennsli í gegnum Sigölduvirkjun í virkjunum neðar í keðjunni. Ekki er heldur í matsáætlun tilgreint hvert áformað rennsli verði í Sigölduvirkjun við fulla keyrslu, þó að í innsendum gögnum Landsvirkjunar um virkjunaráformin til verkefnisstjórnar rammaáætlunar sé tilgreint viðbótar rennsli upp á 110 m³/s, sem miðað við 240 m³/s í núverndi virkjun er um 46% aukning á rennsli.

Sömuleiðis er ekki vikið að áætlunum um vatnsnýtingu, þ.e. ef rennsli er aukið í gegnum Sigölduvirkjun á álagstíma getur það síðar haft áhrif á nýtingu virkjunarinnar (og annarra raðtengdra virkjana) er líður að lokum vatnsárs, m.a. með hugsanlegri hættu á skerðingu líkt og reyndin varð síðvetrar 2022. Telur Orkustofnun að í umhverfismatsskýrslu sé rétt að gera grein fyrir áhrifum stækkunar á rekstur og orkuöryggi.

Að öðru leyti gerir Orkustofnun ekki athugasemdir við framlagða tillögu að matsáætlun vegna áforma um stækkun Sigöldustöðvar. Tekið skal fram að framangreindar ábendingar miða að greiningu og framsetningu gagna sem stofnunin telur að þurfi að liggja fyrir áður en tekin verði afstaða til útgáfu virkjunarleyfis skv. raforkulögum, ef af verður.

Orkustofnun bendir á að umsögn þessi, sem stofnunin veitir Skipulagsstofnun, er af því tagi að ekki felist í henni vanhæfi stofnunarinnar til að taka afstöðu til umsókna vegna leyfisveitinga stofnunarinnar á síðari stigum. Með vísan til framangreindra atriða í umsögn þessari getur stofnunin á síðari stigum jafnframt kallað eftir frekari gögnum og/eða upplýsingum frá framkvæmdaraðila þó ekki sé vikið að því í umsögninni. Jafnframt er bent á að virkjunarleyfi skv. raforkulögum telst vera leyfi til framkvæmda skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum. Vegna þessa skal niðurstaða Skipulagsstofnunar liggja fyrir áður en komið getur til útgáfu virkjunarleyfis vegna framkvæmdarinnar, ef umsókn þar að lútandi berst stofnuninni.

Virðingarfyllst,
f.h. orkumálastjóra


Kristján Geirsson
verkefnastjóri


Harpa Þórunn Pétursdóttir
lögfræðingur

Matsáætlun vegna Sigölduvirkjunar

Undirrituð hefur eftirfarandi ábendingar vegna framlagðrar matsáætlunar í umhverfismati fyrir stækkun Sigölduvirkjunar, auglýstrar 8. júní 2022.

- Náttúruauðlindir, líffræðileg fjölbreytni og loftslag.** Framkvæmdin er stór. Í umhverfismati þarf framkvæmdaraðili skv. b- og c-liðum 4. gr. laga nr. 111/2021 að gera grein fyrir og meta bein og óbein áhrif allra þátta framkvæmdarinnar, þ.m.t. auðlindanotkun, losun vegna notkunar steypu og annarra byggingarefna og olíu, sbr. einnig nánar í IV. viðauka sbr. 1. og 5. mgr. 5. gr. tilskipunar [2014/52/ESB](#) (sbr. og töluliður 1 iii og 2 ii í 2. viðauka í lögum nr. 111/2021):
 1. mgr. “c) lýsing á helstu eiginleikum rekstraráfanga framkvæmdarinnar (einkum öllum vinnsluferlum), t.d. orkuþörf og orkunotkun, eðli og magni efna og náttúruauðlinda sem eru nýtt (þ.m.t. vatn, land, jarðvegur og líffræðileg fjölbreytni)
 - d) mat, bæði á tegund og magni leifa og losunar (s.s. mengunar í vatni, lofti, jarðvegi og jarðvegsgrunni, hávaða, titrings, ljóss, hita, geislunar) sem gert er ráð fyrir og á magni og tegundum úrgangs sem er framleiddur meðan á byggingar- og rekstraráföngunum stendur”
 5. mgr. “b) nýtingu á náttúruauðlindum, einkum landi, jarðvegi, vatni og líffræðilegri fjölbreytni, eins og unnt er með tilliti til sjálfbærs tiltækileika þessara auðlinda
 - c) losun mengunarefna, hávaða, titrings, ljóss, hita og geislunar, sköpun ónæðis, og förgun og endurheimt úrgangs
 - f) áhrifum framkvæmdarinnar á loftslag (t.d. eðli og magn losunar gróðurhúsalofttegunda) og næmi framkvæmdarinnar fyrir loftslagsbreytingum”
- Framleiðsla og sala raforku.** Stækkun virkjunar er úr 150 í 215 MW. Framkvæmdaraðili segir í inngangi og kafla 3.2 að hann muni ekki framleiða meiri raforku svo neinu nemi þó til framkvæmdarinnar komi, að óbreyttu. Þetta þarf að skýra ítarlega í umhverfismatsskýrslu. Talað er í inngangi um að meira rennsli þurfi til, sem geti til dæmis verið með aukinni bráðnun jökla og meiri úrkomu og í kafla 3.1 er vikið að nauðsyn sveigjanleika og því að spár geri ráð fyrir “markvert” hærra meðalrennsli í ám á landinu árin 2021-2050 en hafi verið á árunum 1961-1990 “þannig að búast m[egi] við að enn frekar verði gengið á laust afl í raforku”. Rekstur og hlutverk framkvæmdaraðila byggir á að framleiða og svo selja raforku og lýtur starfsemin raforkulögum og sérlögum sem um hann gilda. Uppsett rafagl er hinsvegar sem slíkt ekki selt á neinum markaði sem framkvæmdaraðili hefur gert grein fyrir. Framkvæmdaraðili verður í samræmi við framangreint að fjalla á greinargóðan, tæmandi og skiljanlegan hátt í umhverfismati um það hvernig framkvæmdin styður það hlutverk hans að framleiða og selja raforku. Almennar tilvísanir til orkuskipta og loftslagsmarkmiða eiga ekki við í umhverfismati framkvæmdarinnar.
- Samlegðaráhrif.** Í lögskýringargögnum með nýsamþykktum breytingarlögum við lög nr. 48/2011 kemur fram, að framkvæmdaraðili áætli alls þrjár stækkanir virkjana á Þjórsár-Tungnaársvæðinu. Auk Sigölduvirkjunar eru það Hrauneyja- og Vatnsfellsvirkjanir. Framkvæmdaraðili þarf í samræmi við lög um umhverfismat að gera grein fyrir samlegðaráhrifum þessara virkjana í umhverfismatinu. Þá þarf framkvæmdaraðili að gera í umhverfismatinu grein fyrir samlegðaráhrifum af þeirri vindorku sem lögskýringargögnin vísa til að tengist þessum framkvæmdum, sem og á hvern hátt aukið rennsli í þessar stækkanir geti komið til – og umhverfisáhrifum þess að af því verði.

4. **Valkostir.** Skytt er í umhverfismati að gera grein fyrir raunhæfum valkostum sem framkvæmdaraðili hefur skoðað. Sé tilgangur framkvæmdarinnar að afla orku til að selja sem forgangsorku á heildsölumarkaði, og þá einnig til dreifiveitna sem þjóna almenningi í landinu, er einn raunhæfra kosta við framkvæmdina sá að draga úr sölu raforku til stórnotenda líkt og gagnavera, en þau hafa samninga við framkvæmdaraðila til mun skemmri tíma en eldri stóriðja. Sölu raforku til gagnavera jók framkvæmdaraðili til muna á árunum 2020 og 2021 og er talið að gagnaver noti nú jafnmikla raforku og öll heimili á landinu, eða meira. Annar raunæfur valkostur væri áætlun framkvæmdaraðila til lengri tíma um að draga í þrepum úr sölu raforku til álvera. Auk þess að bera saman umhverfisáhrif framangreindra kosta, þarf framkvæmdaraðili að gera grein fyrir umhverfisáhrifum þess að af engum valkostanna verði, þar með talin líkleg þróun grunnástands, sbr. 3. mgr. IV. viðauka tilskipunar [2014/52/ESB](#). Kafli 3.3 í matsáætlun er ekki fullnægjandi.

Virðingarfyllst,

Sif Konráðsdóttir
hæstaréttarlögmaður

Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

7. júlí 2022

Umsögn Náttúrugriða um Stækkun Sigöldustöðvar um allt að 65 MW, Ásahreppi og Rangárþingi ytra – Mat á umhverfisáhrifum, matsáætlun

Náttúrugrið, kt. 490721-0960, gera meðfylgjandi athugasemdir við matsáætlun Landsvirkjunar fyrir stækkun Sigöldustöðvar.

Í meginatriðum benda Náttúrugrið á að í matsáætlun skortir verulega á að Landsvirkjun geri skýra grein fyrir þeim samlegðaráhrifum sem verða af stækkun Sigölduvirkjunar og aukinni eða nýrri vatnsmiðlun ofan virkjunar, sérstaklega mögulegri byggingu Kjalölduveitu sem er nú í biðflokki eftir afgreiðslu Alþingis á 3. áfanga rammaáætlunar. Kjalölduveita myndi auka nýtingu virkjana milli Þórisvatns og Sultartangalóns umtalsvert og um leið arðsemi fyrirhugaðra stækkana þriggja virkjana á þeirri leið, þótt Landsvirkjun hafi raunar hvergi gefið upp raforkuframleiðsluaukningu hvernar virkjunar á Þjórsár-Tungnaásvæðinu ef af byggingu Kjalölduveitu yrði. Stækkun Sigöldustöðvar sem fjalla á um í umhverfismatsskýrslu eykur ákaflega lítið raforkuframleiðslu stöðvarinnar nema aukin miðlun komi til og að því leyti er stækkunin beintengd Kjalölduveitu og mögulegri framtíðarbyggingu hennar, eins og rakið verður hér á eftir. Landsvirkjun þarf því einnig að skýra með greinargóðum og skilmerkilegum hætti hvernig stækkun Sigöldustöðvar geti talist sjálfstæður og afmarkaður virkjunarkostur í skilningi laga nr. 48/2011, þar sem fjárfestingin við hana getur ekki skilað arði án þess að ganga á óraskað svæði með tengdum framkvæmdum.

Eftirfarandi eru stakar athugasemdir Náttúrugriða við matsáætlun og atriði sem samtökin telja að Landsvirkjun þurfi að gera grein fyrir í umhverfismatsskýrslu, með feitletruðum tillögum Náttúrugriða að breytingum:

—
Bls. 1:

„Í dag er virkjað rennsli 240 m³/s og afl Sigöldustöðvar er 150 MW. Framkvæmdir við stöðina hófust árið 1973 og var hún gangsett í byrjun árs 1978. Landsvirkjun áformar nú að stækka stöðina með því að bæta við fjórðu vélinni og auka með því afl stöðvarinnar í allt að 215 MW. Með þessari aflaukningu eykst orkuvinnslugeta stöðvarinnar aðeins lítillega nema að til komi meira rennsli, til dæmis með aukinni bráðnun jökla, aukinni úrkomu eða nýrri miðlun ofan Sigölduvirkjunar, til dæmis Kjalölduveitu.“

Náttúrugrið benda á að orkuvinnslugeta Sigöldustöðvar myndi ekki aðeins aukast með stækkun ef til kæmi aukin bráðnun jökla eða aukin úrkoma heldur myndi aflaukningin aðallega nýtast vel ef til kæmi ný miðlun ofan virkjunar, en þar væri nánast einungis möguleiki á miðlun með Kjalölduveitu úr Þjórsá neðst í Þjórsárverum. Orkugeta hennar er í skjölum Landsvirkjunar (sjá <https://orkustofnun.is/gogn/Skyrslur/OS-2015/OS-2015-02-Vidauki-50.pdf>) áætluð 630 GWst/ári og yrði sú orka að töluverðum hluta framleidd í Sigölduvirkjun. Hér telja Náttúrugrið því nauðsynlegt að Landsvirkjun geri grein fyrir þessum möguleika á aukningu orkuvinnslu með miðlun ofar í vatnasviði virkjunarinnar í umhverfismatsskýrslu fyrir stækkun Sigölduvirkjunar enda gefur það miklu réttari mynd af framkvæmdinni og samhengi hennar við aðra þætti orkuvinnslukerfisins á Þjórsár-Tungnaáarsvæðinu.

Benda má á að Landsvirkjun hefur hvergi í opinberum gögnum lagt fram reiknaða orkuframleiðsluaukningu í Sigölduvirkjun verði af byggingu Kjalölduveitu, en grófir útreikningar Náttúrugriða benda til þess að orkuframleiðslan myndi aukast um u.þ.b. 200 GWst/ári (miðað við 72 m fallhæð í Sigölduvirkjun, uppgefið meðalrennsli frá Kjalölduveitu upp á 37 m³/s og 80% nýtingu) í stað þeirra 6–10 GWst/ári sem Landsvirkjun gerir ráð fyrir án Kjalölduveitu. Mögulega myndi raforkuframleiðslan því hér um bil 20-faldast í stækkuninni ef Kjalölduveita fylgdi með. Landsvirkjun þarf að gera mjög skýra grein fyrir þeim samlegðaráhrifum í raforkuframleiðslu sem yrðu af stækkun Sigölduvirkjunar og mögulegri byggingu Kjalölduveitu samhliða.

—
Bls. 7:

„Sigöldustöð var hönnuð í upphafi þannig að mögulegt væri að stækka stöðina með því að bæta við fjórðu vélasamstæðunni í núverandi stöðvarhús. **Það var á sínum tíma hugsað út frá auknu rennsli með nýrri miðlun, til dæmis Skaftármiðlun um Langasjó eða annarri miðlun í Tungnaá eða úr Þjórsá.** Eftir stækkun mun stöðin geta skilað allt að 215 MW afli.“

Í umhverfismatsskýrslu þarf Landsvirkjun að gera skýra grein fyrir ástæðum upphaflegrar hönnunar á Sigölduvirkjun, enda var með henni gert ráð fyrir að hægt væri að bæta við nýrri vél til að bregðast við aukinni aflþörf vegna meira rennslis úr nýjum miðlunum ofan virkjunar. Í tilfelli Sigölduvirkjunar á 8. áratugnum var sérstaklega horft til miðlunar í Tungnaá, svo sem Skaftárveitu þar sem Skaftá yrði miðlað um Langasjó yfir í Tungnaá. Mikilvægt er að geta þessa til að setja aflaukningu í efstu virkjunum á Þjórsár-Tungnaáarsvæðinu í bæði sögulegt samhengi sem og samhengi við rennsli í gegnum virkjunina en eldri gögn benda ekki til þess að upphaflega hönnunin hafi gert ráð fyrir að vél yrði bætt við vegna aukinnar úrkomu, bráðnun jökla eða samkeyrslu við vindafli eins og lagt er upp með núna.

—
Bls. 7:

„Megintilgangurinn með fyrirhugaðri aflaukningu í Sigöldustöð er að nýta aukið rennsli vegna nýrra miðlana ofan virkjunar til orkuframléiðslu, auk þess að auka sveigjanleika í orkuafhengingu og gera fyrirtækinu kleift að mæta afltoppum þegar eftirspurn er í hámarki.“

Náttúrugrið bentu á í tveimur athugasemdum sínum um mál 583 á 152. löggjafarþingi 2021–2022, Frumvarpi til laga um breytingu á lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun, nr. 48/2011 (stækkanir virkjana í rekstri) (sjá <https://www.althingi.is/altext/erindi/152/152-3298.pdf> og <https://www.althingi.is/altext/erindi/152/152-3395.pdf>) að hvorki væri út frá lögum nr. 48/2011, lögum um Landsvirkjun né almennum viðskiptasjónarmiðum unnt að rökstyðja stækkanir virkjananna þriggja, Vatnsfells-, Sigöldu- og Hrauneyjafossvirkjana, án þess að farið yrði samhliða í Kjalölduveitu úr Þjórsá. Þessi niðurstaða var m.a. studd af arðsemismati Sigurðar Jóhannessonar hjá Hagfræðistofnun Háskóla Íslands sem taldi að núvirtar tekjur virkjananna þriggja yrðu ekki meiri en 2.500 milljónir miðað við hagrænan afskriftartíma upp á 25 ár. Náttúrugrið telja af samtölum við sérfræðinga í byggingu vatnsaflsvirkjana og uppgefnum kostnaði við fyrri hliðstæð verkefni (t.d. Búðarhálsvirkjun) að byggingarkostnaður við stækkun hvernir virkjunar geti vart verið undir 5–7 milljörðum króna eða alls um 15–20 milljarðar króna.

Þar sem Sigöldustöð á einungis að skila 10 GWst/ári að hámarki, eða fjórðungi af heildarvinnslugetu allra þriggja fyrrnefndra stækkana má áætla út frá tekjumati Hagfræðistofnunar að núvirtar framtíðartekjur af stækkun Sigöldustöðvar yrðu vart meira en um 600 milljónir króna. Kostnaður við stækkun Sigöldu yrði því mörgum sinnum meiri en væntar framtíðartekjur og með hliðsjón af því telja Náttúrugrið að ekki sé hægt að líta svo á að megintilgangur með aflaukningu í Sigöldustöð sé að „auka sveigjanleika í orkuafhengingu og gera fyrirtækinu kleift að mæta afltoppum þegar eftirspurn er í hámarki“, eins og Landsvirkjun gefur upp í matsáætlun, heldur séu það aðeins „hliðarafurðir“ af raunverulegum megintilgangi stækkunarinnar sem virðist miðað við arðsemismat og út frá aflsetningu og rennslisgetu vera að nýta aukið rennsli með Kjalölduveitu úr Þjórsá yfir í Þórisvatn ofan Sigöldustöðvar enda gangi stækkunaráformin ekki upp fjárhagslega án þess að til komi miklu meira vatnsrennsli í gegnum virkjunina. Landsvirkjun þarf að gera grein fyrir þessum þætti og skýra hvernig stækkunin eigi að geta talist sjálfstæður virkjunarkostur en ekki hluti af framkvæmdum við Kjalölduveitu. Ef ekki verður ráðið af gögnum Landsvirkjunar að stækkun Sigöldustöðvar sé raunverulega sjálfstæður virkjunarkostur hlýtur umhverfismastsskýrsla að þurfa að fjalla samhliða um umhverfisáhrif Kjalölduveitu sem væri þá órjúfanlegur hluti stækkunarinnar.

Vert er að benda á tvennt í þessu sambandi:

- Landsvirkjun hefur hvergi sýnt fram á eða lýst því hvernig stækkun Sigöldustöðvar muni eða eigi að nýtast í þeim tilgangi sem gefinn er upp í matsáætlun, og hvernig aflsetning upp á 65 MW var ákveðin eða út frá hvaða þáttum. Auk þess benda Náttúrugrið á að Landsvirkjun hefur í öðrum gögnum lýst tilgangi stækkunar Sigöldustöðvar á annan hátt, t.d. í kynningu fyrir verkefnisstjórn og faghópum

rammaáætlunar 4. áfanga, á stækkunum virkjana á Þjórsár-Tungnársvæðinu, þann 13.5.2020, þar sem forsendur stækkunar voru sagðar vera fjórþættar; „aukið rennsli - hlýnun“, „rafvæðing samgangna“; „tilkoma vindrafstöðva“ og „vegna viðhalds á eldri vélum“. Landsvirkjun þarf að gera miklu skýrari grein fyrir tilgangi stækkunarinnar, skýra orðalag og ef hún er ekki beinlínis hluti af Kjalölduveitu, sýna hvernig hún geti eða muni nýtast í tengslum við Kjalölduveitu ef af henni yrði.

- Landsvirkjun hefur ekki lagt fram opinber gögn eða útreikninga sem sýna fram á arðsemi stækkanna þriggja sem fjallað var um í fyrrgreindu Frumvarpi til laga um breytingu á lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun, nr. 48/2011. Forsvarsmenn Landsvirkjunar fullyrtu um arðsemi stækkanna í minnisblaði til umhverfis- og samgöngunefndar (<https://www.althingi.is/altext/erindi/152/152-3672.pdf>) og að stækkanirnar væru ekki tengdar Kjalölduveitu. Náttúrugrið benda þó á fyrirvara Þórunnar Sveinbjarnardóttur nefndarmanns í Umhverfis- og samgöngunefnd, sem skrifaði undir álit meirihluta við afgreiðslu frumvarpsins með þeim fyrirvara „að hún telji ekki liggja fyrir gögn sem styðja það mat meiri hluta nefndarinnar að stækkunaráform Landsvirkjunar á virkjunum í Þjórsá séu arðbær sem sjálfstæðar framkvæmdir“ (sjá <https://www.althingi.is/altext/152/s/1217.html>). Náttúrugrið telja það því hreint ekki hafið yfir vafa að stækkun Sigöldustöðvar sé í raun sjálfstæður virkjunarkostur heldur telja að til þess að stækkun Sigöldustöðvar gangi upp þurfi aukið vatn fyrir virkjunina og það fæst ekki nægilegt nema með tilkomu Kjalölduveitu. Sé það raunin þarf að meta umhverfisáhrif beggja framkvæmda saman enda sé stækkun Sigöldustöðvar háð byggingu Kjalölduveitu. Þessu þarf Landsvirkjun að gera sérstaklega grein fyrir í umhverfismatskýrslu.

—
Bls. 7:

„Síðustu ár hefur rennsli aukist vegna hlýnunar loftlags og einnig er rennsli til stöðvarinnar meira í dag en það var þegar stöðin var byggð vegna ýmissa framkvæmda við veitur og miðlanir. Þetta, **ásamt aukinni sölu til stórnotenda**, gerir það að verkum að gengið hefur á sveigjanlegt afl í raforkukerfi Landsvirkjunar upp að því marki að erfitt er orðið að mæta hæstu afltoppum.“

Hér þarf Landsvirkjun að gera betur grein fyrir því af hverju gengið hefur á sveigjanlegt afl í raforkukerfi Landsvirkjunar, en það er ekki einvörðungu vegna aukins rennslis og framkvæmda við veitur og miðlanir á Þjórsár-Tungnaásvæðinu eins og hér er gefið í skyn, heldur einnig og ekki síður vegna þess að Landsvirkjun hefur kosið að auka raforkusölu sína til stórnotenda án þess að halda í nauðsynlegan sveigjanleika kerfisins til að bregðast við mismunandi aðstæðum í raforkukerfi landsins.

—
Bls. 8:

„Einnig er ljóst að þörf er á aukinni orkuframleiðslu og sveigjanleika í aflri til að anna orkuskiptum á komandi áratugum ef innlend orka verður nýtt sbr. orkustefnu sem

núverandi stjórnvöld hafa sett í ríkisstjórnarsáttmála, um jarðefnaeldsneytislauð Ísland árið 2040. Í tengslum við þessa stefnu hafa verið settar fram nokkrar sviðsmyndir sem endurspeglar mismunandi áherslur í þróun samfélagsins og atvinnulífsins í framtíðinni. Miðað við ítrustu forsendur er áætlað að rúmlega tvöfalda þurfi núverandi raforkuframleiðslu sem þýðir að auka þarf raforkuframleiðsluna um að meðaltali 90-140 MW árlega ef ná á fullum orkuskiptum í samræmi við loftslagsmarkmið Íslands á næstu 18-28 árum. **Stækkun Sigölduvirkjunar myndi reyndar ekki gagnast til að auka raforkuframleiðslu á landinu nema til kæmi aukin vatnsmiðlun ofan virkjunar, til dæmis Kjalölduveita úr efri hluta Þjórsár.**

Sbr. umfjöllun framar í athugasemdunum.

—
Bls. 8:

„Núverandi inntaksmannvirki miðast við fjórar vélar og er gert ráð fyrir að bæta megi við fjórðu þrýstipípunni í fyrirliggjandi steiptum stokki sem liggur undir inntaksstífluna. Í inntaksmannvirki var komið fyrir rist og viðgerðaloku fyrir fjórðu pípunu á byggingartíma stöðvarinnar. Allur frágangur á suðvesturgafli stöðvarhússins gerir ráð fyrir að hægt sé að fjarlægja útveggi og lengja stöðina í suðvestur og til að auðvelda viðbyggingu var endi stöðvarhússins ekki steiptur að klöpp. Sigöldustöð mun eftir stækkun geta skilað allt að 215 MW afli. Hins vegar þá verður orkuvinnslugeta stöðvarinnar sambærileg og hún er í dag nema að til komi meira rennsli, til dæmis með aukinni bráðnun jökla, aukinni úrkomu **eða nýrri miðlun ofan Sigölduvirkjunar, til dæmis Kjalölduveitu.**

Sbr. umfjöllun framar í athugasemdunum.

—
Virðingarfyllst fyrir hönd Náttúrugriða,
Snæbjörn Guðmundsson, jarðfræðingur og stjórnarformaður



HAFRANNSÓKNASTOFNUN

Rannsókn- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna

Skipulagsstofnun
B.t. Þórdís Stella Erlingsdóttir
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

Hafnarfirði 07.07.2022

MRFI:2022-06-0417

Efni: Stækkun Sigöldustöðvar - matsáætlun

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 7. júní 2022, þar sem Skipulagsstofnun óskar eftir umsögn Hafrannsóknastofnunar vegna framlagðrar matsáætlunar vegna stækkunar Sigöldustöðvar skv. 21. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021 og 12. gr. reglugerðar nr. 1381/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Í umsögninni þarf eftir því sem við á að koma fram hvort umsagnaraðili hafi athugasemdir við það hvernig framkvæmdaraðili hyggst vinna að umhverfismati framkvæmdarinnar, út frá sínu starfssviði, svo sem um skilgreiningu valkosta, gagnaöflun, úrvinnslu gagna, umhverfismat og framsetningu umhverfismatskýrslu. Einnig, ef á skortir, hvaða atriðum umsagnaraðili telur að gera þurfi frekari skil eða hafa sérstaklega í huga við umhverfismat framkvæmdarinnar. Leyfisveitendur skulu í umsögn sinni gera grein fyrir þeim leyfum sem eru á starfssviði þeirra og framkvæmdin er háð.

Hafrannsóknastofnun gerir athugasemd við að í framlagðri matsáætlun er ekki gert ráð fyrir að fjallað verði sérstaklega um áhrif á lífríki í vatni þrátt fyrir að fyrirhugaðar framkvæmdir við stækkun Sigöldustöðvar feli í sér breytingar á vatnsrennsli og rekstri virkjunarinnar. Í matsáætluninni segir: *Tilgangurinn með fyrirhugaðri aflaukningu í Sigöldustöð er að auka sveigjanleika í orkuafhendingu og gera fyrirtækinu kleift að mæta afltoppum þegar eftirspurn er í hámarki.* Miklar og hraðar breytingar á vatnsrennsli geta t.d. komið fram ef vatnsafl er nýtt á móti vindorku til að jafna framleiðslu á rafmagni. Flestar stærri virkjanir hér á landi hafa verið byggðar fyrir jafna orkuframleiðslu til stórnotenda og því minna um miklar rennslisveiflur. Þær hafa þó komið til af öðrum orsökum líkt og er t.d. í Sogi þar sem útleysing afvléla í Sogsvirkjunum hafa haft mjög neikvæð áhrif á lífríki og nýliðun laxa þar.

Líkur eru til að þessar breytingar á Sigöldustöð valdi auknum sveiflum í rennsli sem bæði kemur til með að hafa áhrif á lífríki í Krókslóni vegna breytinga á vatnshæð sem og í vatnakerfinu neðan virkjunar og allt til ósa Þjórsár. Í tilfalli Þjórsár er um stóran laxastofn að ræða og verðmæta veiðinýtingu. Hafrannsóknastofnun telur brýnt að um þessa þætti verði fjallað og áhrif þeirra metin. Verði um umtalsverðar breytingar á rennsli ásamt auknum hraða eða tíðari rennslisbreytingum að ræða munu þær geta haft neikvæð áhrif á lífríki.



HAFRANNSÓKNASTOFNUN

Rannsókn- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna

Hafrannsóknastofnun er rannsóknastofnun og hefur ekki með leyfisveitingar til framkvæmda að gera.

F.h. Hafrannsóknastofnunar,

Guðni Guðbergsson

Guðni Guðbergsson



Austurvegur 65 - 800 Selfoss

Sími 480 8250 – Veffang www.hsl.is – Netfang hsl@hsl.is – Kennitala 480284-0549

Skipulagsstofnun
Þórdís Stella Erlingsdóttir
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

thordis.stella.erlingsdottir@skipulag.is
skipulag@skipulag.is

Selfossi, 5. júlí 2022
2206027HS SG

Efni: Stækkun Sigöldustöðvar - Umsögn um framkvæmd

Þann 7. júní sl. móttók Heilbrigðiseftirlit Suðurlands tölvupóst Skipulagsstofnunar, dags. þann dag, þar sem óskað er eftir umsögn embættisins um tilkynningu vegna fyrirhugaðar stækkunar Sigöldustöðvar, í Ásahreppi og Rangárþingi ytra.

Um er að ræða stækkun Sigöldustöðvar um allt að 65 MW eða úr 150 MW í 215 MW. Kemur fram í greinargerð að gera þurfi breytingar á Aðalskipulagi Ásahrepps þar sem hámarksafl virkjunarinnar er tiltekið 200 MW. Ekkert deiliskipulag er í gildi fyrir Sigöldustöð er það er í vinnslu.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hefur farið yfir ofangreinda tilkynningu fyrir téða framkvæmd og bendir á að álagsgreining Umhverfisstofnunar á vatnsformfræðilegu álagi vatnshlota sem eru tengd vatnsaflsvirkunum hefur ekki farið fram en er á áformað á árinu 2022 samkvæmt Vatnaáætlun 2022-2027.

Að öðru leyti gerir embættið engar athugasemdir og telur að tilkynningin geri nægjanlega grein fyrir eðli, umfangi og umhverfi framkvæmdarinnar, sem og mótvægisáðgerðum og vöktun. Embættið telur að varanleg umhverfisáhrif framkvæmdarinnar önnur en sjónræn og staðbundin í næsta nágrenni hennar séu hverfandi/óveruleg og mögulegt að milda þau með góðri umgengni á framkvæmdatíma og vönduðum frágangi umhverfis og mannvirkja að framkvæmdum loknum. Þar sem framkvæmdin er í A flokki skv. lögum nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana er hún háð mati á umhverfisáhrifum.

Bent er á að vísað er í brottfallna reglugerð nr. 785/1999 í greinargerð í kafla 6 Leyfi bls. 15 þ.e. í fimmta lið. En í stað þessarar reglugerðar kom reglugerð nr. 550/2018 sem getið er í næsta lið fyrir framan.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands veitir vatnsaflsvirkjunum starfsleyfi skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 550/2018 um losun frá

56



atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Einnig veitir embættið starfsleyfi vegna ýmissa verkþátta á meðan á framkvæmdum standur, s.s. efnisnámi, landmótun og verktakaaðstöðu skv. ofangreindri reglugerð auk starfsmannabúða skv. reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti.

F.h. Heilbrigðiseftirlits Suðurlands,

Sigrún Guðmundsdóttir
framkvæmdastjóri

Umsögn Ásahrepps

Til : Skipulagsstofnun - SLS <skipulag@skipulag.is>; Þórdís Stella Erlingsdóttir <thordis.stella.erlingsdottir@skipulag.is>
Frá : Gunnar Aron Ólason <gunnar@utu.is>
CC : Vigfús Þór Hróbjartsson <vigfus@utu.is>
Heiti : Umsögn Ásahrepps
Málsnúmer : 202205075
Málsaðili : Landsvirkjun
Skráð dags : 04.07.2022 00:00:00
Höfundur : Gunnar Aron Ólason <gunnar@utu.is>
Viðhengi [image001.png](#)

Góðan daginn, hér með er bókun sveitarstjórnar Ásahrepps send vegna beiðnar um umsögn vegna tilvísun: **Subject: 202205075 - Stækkun Sigöldustöðvar um allt að 65 MW**

Stækkun Sigöldustöðvar um allt að 65 MW, matsáætlun - 2205025

Lagt fram tölvuskeyti Skipulagsstofnunar, dags. 7. júní 2022, þar sem óskað er eftir umsögn Ásahrepps fyrir 7. júlí 2022. Málið hefur verið sent til embættis skipulagsfulltrúa UTU og hefur skipulagsnefnd UTU tekið málið fyrir á fundi sínum.

Hreppsnefnd Ásahrepps gerir ekki athugasemd við framlagða matsáætlun sem tekur til stækkunar á Sigöldustöð. Nefndin telur að innan matsáætlunar sé á fullnægjandi hátt gert grein fyrir valkostum, gagnaöflun, úrvinnslu gagna, umhverfismati og framsetningu umhverfismatsskýrslu. Framkvæmdir innan svæðisins eru háðar útgáfu framkvæmdaleyfis af hálfu sveitarfélagsins og eftir atvikum byggingarleyfa.

Bestu kveðjur,

Gunnar A. Ólason

Ritari skipulagsfulltrúa

Skipulagsstofnun
Borgartún 7b
105 REYKJAVÍK

Garðabær, 29. júní 2022
Málsnúmer: 202206-0008
SS/IAS

Efni: Umsögn um matsáætlun stækkun Sigöldustöðvar.

Vísað er til tölvupósts frá Skipulagsstofnun, dags. 7. júní 2022, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands á matsáætlun framkvæmdar Landsvirkjunar við stækkun Sigöldustöðvar.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér matsáætlunina og vill koma eftirfarandi ábendingum á framfæri:

Framkvæmdin felur í sér að til að auka framleiðni virkjunnarinnar verður fjórðu þrýstípípunni er bætt við inni í fyrirliggjandi steiptum stokki. Þá verður stöðvarhús stækkað og frárennslisskurður breikkar um fimmtán metra á 160 metra löngum kafla. Þá eykst rennsli í skurðinum sem getur aukið rof sem má verjast með bergstyrkingum. Náttúrufræðistofnun telur mjög mikilvægt að hugað sé að því hvort bergið þoli aukinn straumhraða. Fara þarf í nauðsynlegar athuganir því tengt.

Áhrif framkvæmdarinnar eru áætluð minniháttar, aðallega lítils háttar rask kringum núverandi mannvirki og ásýndarbreytingar því tengt. Mikilvægt er að greint sé frá því myndrænt og á uppdráttum hvar rask og ásýndarbreytingar verða.

Náttúrufræðistofnun telur ekki þörf á að meta fleiri umhverfispætti og fjallað er um í matsáætluninni.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir.

Virðingarfyllst,

Snorri Sigurðsson

Snorri Sigurðsson
Sviðsstjóri náttúruverndar





Skipulagsstofnun
Þórdís Stella Erlingsdóttir
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Reykjavík, 23. júní 2022
UST202206-069/B.S.
10.05.08

Efni: Mat á umhverfisáhrifum - stækkun Sigöldustöðvar. Umsögn

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 7. júní sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda framkvæmd sem felst í stækkun Sigöldustöðvar um allt að 65 MW.

Hér er um að ræða viðbót við mannvirki sem þegar eru til staðar. Umhverfisstofnun telur jákvætt að nýta núverandi virkjanir betur ef þess er kostur í stað þess að hefja virkjanaframkvæmdir á algerlega nýjum svæðum.

Greinargerðin er ítarleg og ekki er þörf á frekari gögnum.

Þegar um er að ræða nýframkvæmdir á eldri virkjanasvæðum á að mati Umhverfisstofnunar að kanna hvort ástæða sé til að lagfæra eldri frágang frá þeim tíma þegar viðhorf voru önnur en í dag um það hvað telst góður frágangur.

Umhverfisstofnun gerir að öðru leyti ekki athugasemdir við umrædda matsáætlun.

Virðingarfyllst,

Björn Stefánsson,
sérfræðingur

Agnes Þorkelsdóttir,
sérfræðingur

Re 202205075 - Stækkun Sigöldustöðvar um allt að 65 MW

Til : Skipulagsstofnun - SLS <skipulag@skipulag.is>; Þórdís Stella Erlingsdóttir <thordis.stella.erlingsdottir@skipulag.is>
Frá : Regína Sigurðardóttir <regina.sigurdardottir@for.is>
Heiti : Re 202205075 - Stækkun Sigöldustöðvar um allt að 65 MW
Málsnúmer : 202205075
Málsaðili : Landsvirkjun
Skráð dags : 16.06.2022 00:00:00
Höfundur : Regína Sigurðardóttir <regina.sigurdardottir@for.is>
Viðhengi [Stækkun Sigöldustöðvar_matsáætlun_endanleg \(003\).pdf](#)
[image001.jpg](#)

Tilvísun í mál: FOR22060028

Góðan dag.

Forsætisráðuneytið vísar til erindis Skipulagsstofnunar frá 7. júní sl., þar sem óskað er eftir umsögn ráðuneytisins um matsáætlun vegna stækkunar Sigölduvirkjunar um allt að 65 MW.

Landsvirkjun hefur sent Skipulagsstofnun matsáætlun um ofangreinda framkvæmd, skv. 21. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

Landsvirkjun áformar að stækka Sigöldustöð með því að bæta við fjórðu afvélinni við stöðvarhúsið og auka með því afl stöðvarinnar í allt að 215 MW. Sigöldustöð var hönnuð í upphafi þannig að mögulegt væri að stækka stöðina með því að bæta við fjórðu vélasamstæðunni í núverandi stöðvarhús.

Forsætisráðuneytið gerir eftirfarandi athugasemdir við matsáætlunina:

Í kafla 3.2., er fjallað um framkvæmdalýsingu. Nánari lýsing þarf að vera á hvernig framkvæmdaraðili hyggst koma nýrri aflvél inn í stöðvarhús virkjunarinnar. Verða stórtækar vinnuvélar notaðar til að koma aflvéinni inn í stöðvarhúsið? Hversu mikil áhrif/röskun mun sú framkvæmd hafa á nánasta umhverfi og landslag?

Í kafla 3.2.4. er fjallað um stöðvarhús virkjunarinnar. Vegna stækkunar virkjunarinnar er stefnt að því að stækka núverandi stöðvarhús eða reisa nýtt hús. Nánari lýsing þarf að vera ef reisa á nýtt hús, hvað varðar hönnun, efnis- og litaval þess.

Í kafla 3.2.7. er fjallað um byggingarefni. Ef þórf verður á grjóti, er enn þá mikið af grjóti og sandi sunnan við Tungnaá þar sem efni var sótt í rofvörn við stöðvarhús Sigöldustöðvar. Er umrædd efnistaka skilgreind í aðalskipulagi Rangárþing ytra?

Forsætisráðuneytið gerir ekki frekari athugasemdir við matsáætlunina en tekur fram að mikilvægt sé að haft verði samráð við ráðuneytið ef frekari skipulagsvinna fer fram á svæðinu.

Minnt er á að allar framkvæmdir og jarðrask innan þjóðlendna sem vara lengur en í eitt ár eru háðar samþykki ráðuneytisins skv. 3. mgr. 3. gr. laga nr. 58/1998 og að leyfi ráðherra þarf fyrir nýtingu vatns- og jarðhitaréttinda og vindorku innan þjóðlendna skv. 2. mgr. 3. gr. sömu laga.

Virðingarfyllt, Regína Sigurðardóttir.

Regína Sigurðardóttir, sérfræðingur / Specialist

Forsætisráðuneyti / Prime Minister's Office

Skrifstofa stjórnskipunar og stjórnslu / Department of Constitutional and Administrative Affairs

Stjórnarráðshúsinu, 101 Reykjavík, Iceland

Sími / Tel: (+354) 545 8400 .

www.stjornarradid.is / www.government.is - [Fyrirvari/Disclaimer](#)

Vinsamlegast hugið að umhverfinu áður en tölvupósturinn er prentaður /
Please consider the environment before printing

Notandi: "Þórdís Stella Erlingsdóttir"

Dagsetning: 7.6.2022 10:52:32

Til: "Forsætisráðuneytið"

Efni: 202205075 - Stækkun Sigöldustöðvar um allt að 65 MW